



HAFNARFJÖRÐUR

Málsnúmer 1809389

Hafnarfirði, 07.07.2020

Efni: Umsögn um endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar 2020
skipulagslýsing – matslýsing.
18. maí 2020

Við kafla 2.1 um markmið – umhverfi eru gerðar eftirfarandi athugasemdir.

- *Styrkja skal aðgengi að upplandi bæjarins, útivistarsvæðum og náttúru án þess að gengið sé á gæði landsins og óspillta náttúru.*

Hér þarf að taka skýrt fram að ekki megi skerða öryggi vatnsverndar á nokkurn hátt.

- *Hafa skal sjálfbæra þróun í anda staðardagskrár Hafnarfjarðar að leiðarljósi við skipulag byggðar.*

Staðardagskrá Hafnarfjarðar er ekki lengur í gildi og réttara er að vísa í umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðar sem unnið er eftir.

Við kafla 3.1 Áhrifa- og umhverfisþættir er gerð eftirfarandi athugasemd

- *Veitur eiga m.a. við raflínur/-strengi, fráveitukerfi, dælustöðvar og útrásir.*

Hér vantar að minnast á vatnsveitu sem samanstendur af: vatnsbóli, birgðatank, dælustöðvum, lokahúsum og dreifikerfi.

Guðmundur Elíasson

Umhverfis- og veitustjóri